

varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Er þá að athuga kröfu lögreglustjóra gegn kærða. Samkvæmt 2. mgr. 61. gr., sbr. 60. gr. lögreglusamþykktarinnar, skal eigandi greiða kostnað við handsömun og varðveislu fænaðar, sem gengur laus í bæjarlandinu. Í umræddu tilfelli þykir kærði samkvæmt nefndum ákvæðum analogice eiga að greiða kostnað þennan, þar eð hrossin voru algerlega undir hans umráðum. Verður krafa lögreglustjórans tekin að öllu leyti til greina.

Kærða ber loks að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna skipaðs talsmanns, Ólafs Þorgrímssonar hrl., er ákveðast 200 krónur.

Dráttur hefur orðið á málinu vegna þess, hve talsmaður kærða skilaði seint vörn í málinu, og einnig varð dráttur á uppkvaðningu dóms þessa vegna anna dómars.

D ó m s o r ð :

Kærði Jón Björnsson Jónsson greiði 150 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóm þessa.

Kærði greiði lögreglustjóranum í Reykjavík kr. 720.00 innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, 200 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. maí 1948.

Kærumálið nr. 17/1946. Jóhann Hákonarson

gegn

Hjálmar Þorsteinssyni.

Kært málskostnaðar- og sektarákvæði héraðsdóms.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 27. sept. 1946, sem hingað barst 25. okt. s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 186. og 2. málsg. 189. gr. laga nr. 85/1936 kært ákvæði dóms bæjarþings Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 21. sept. 1946 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja og Sigurði Sveinbjörnssyni, að því er varðar

ákvörðun um málskostnað úr hendi sóknaraðilja og sektargreiðslu fyrir brot á sáttalöggjöfinni.

Hinn 30. okt. 1946 var gefin út áfrýjunarstefna í fyrrgreindu bæjarþingsmáli og þann 6. nóv. s. á. kvað hæstiréttur síðan upp úrskurð um frestun kærumálsins, en kærumálið var sameinað aðalsökinni 19. desember s. á. Aðalmálið var hafið þann 18. marz 1948, en aðiljar kærumálsins hafa nú óskað dóms í því.

Krefst sóknaraðili þess, að ákvæði héraðsdómsins um greiðslu málskostnaðar og sekta verði hrundið og varnaraðili verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði svo og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst sýknu af kröfum sóknaraðilja og kærumálskostnaðar úr hendi hans.

Samkvæmt 5. tölulið 5. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 80. gr. sömu laga, var fyrrgreindu bæjarþingsmáli svo háttað, að nægilegt var að héraðsdómari leitaði þar sátta. Voru því ekki efni til að dæma sóknaraðilja til greiðslu sekta og málskostnaðar samkvæmt 12. gr. laga nr. 85/1936, og þar sem aðrar ástæður þykja ekki vera fyrir hendi til að dæma málskostnað í héraði á hendur sóknaraðilja, þykir bera að fella úr gildi ákvæði héraðsdómsins að því er varðar greiðslu málskostnaðar og sekta.

Samkvæmt þessu og eftir málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður í héraði falli niður.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar og sekta á hendur sóknaraðilja Jóhanni Hákonarsyni eru felld úr gildi og á málskostnaður í héraði að falla niður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. september 1946.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Hjálmar húsgagnasmíðameistari Þorsteinsson, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu útgefni 19. febrúar

1946 gegn þeim Jóhanni bifreiðastjóra Hákonarsyni, Samtúni 20 og Sigurði Sveinbjörnssyni vélavirkjameistara, Hverfisgötu 117, báðum hér í bænum. Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndu verði dæmdir til þess að greiða honum in solidum kr. 2500.00 auk 6% ársvaxta frá 16. júlí 1945 til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu. Til vara hefur stefnandi krafizt þess, að annar hvor stefndu verði dæmdur til greiðslu framangreindra fjárhæða.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Í júlímánuði 1945 átti stefnandi tal við stefnda Sigurð og falaði hjá honum bifreiðahreyfil. Kvaðst stefndi hafa á verkstæði sínu Dodge-hreyfil, ný-fræstan og standsettan, er kostaði kr. 2500.00 og væri eign stefnda Jóhanns. Talaði stefnandi einnig við hinn síðarnefnda, er kvað stefnda Sigurð eiga að sjá um sölu hreyfilsins og bæri því að semja við hann um kaupin. Varð það úr að stefnandi keypti hreyfil þenna og sóttu starfsmenn Bilasmiðjunnar h/f hreyfilinn í verkstæði stefnda Sigurðar, en stefnandi greiddi andvirði hans gegn kvittun skrifstofustúlku þar. Starfsmenn Bilasmiðjunnar settu hreyfilinn síðan í bifreið stefnanda og var hreyfillinn settur í gang til reynslu. Af ganghljóði vélarinnar drógu þeir þá ályktun, að hreyfillinn væri ekki gangfær, enda hafi verið högghljóð („bank“) í vélinni. Hins vegar athuguðu þeir ekki, af hverju hljóð þetta stafaði, enda vildi stefnandi ekki láta gera við vélina hjá Bilasmiðjunni, og var vélin þegar tekin úr bifreiðinni aftur. Skýrir stefnandi svo frá, að hann hafi þegar tilkynnt stefnda Sigurði, að hann riftaði kaupunum vegna galla á hreyflinum, og hafi stefndi viðurkennt riftunina og farið fram á frest á endurgreiðslu andvirðisins. Hafi stefndi síðan látið sækja hreyfilinn og flytja hann í verkstæði sitt og hafi hann verið tekinn í sundur þar. Hins vegar hafi ekki orðið úr efndum á greiðsluloforði, og hefur stefnandi því höfðað mál þetta. Byggir hann kröfur sínar á hendur stefnda Jóhanni á því, að hann var eigandi hreyfilsins og seljandi, en telur stefnda Sigurð bera ábyrgð á endurgreiðslu kaupverðsins vegna viðgerðar þeirrar, er hann framkvæmdi, og þess, að hann seldi hreyfilinn sem „nýfræstan og standsettan“. Auk þess telur stefnandi stefnda Sigurð hafa samþykkt riftun kaupanna, hvort sem það var í eigin nafni eða sem umboðsmaður stefnda Jóhanns.

Stefndi Jóhann byggir sýknukröfu sína á því, að ósannað sé í máli þessu, að hinn seldi hreyfill hafi verið háður nokkrum þeim göllum, er heimilað gæti stefnanda riftun kaupanna. Þá hefur hann einnig talið, að stefnandi hafi glatað þeim rétti, er hann annars kynni að hafa átt til riftunar, þar eð hann hafi veitt hinum selda hlut viðtöku hinn 16. júlí 1945, en ekkert látið upp um riftun kaupanna við sig, fyrr en skömmu áður en mál þetta var höfðað. Loks hefur hann mótmælt því sem ósönnuðu, að stefndi Sigurður hafi samþykkt riftun kaupanna og lofað endurgreiðslu, enda væru slíkar ráðstaf-

anir stefnda Sigurðar ekki skuldbindandi fyrir sig, þar eð umboð hans hafi ekki veitt heimild til slíkra löggerna.

Stefndi Sigurður byggir sýknukröfu sína á því, að afskipti hans af kaupum þessum hafi ekki verið önnur en þau að vísa stefnanda á eiganda hreyfilsins. Kveður hann það ekki hafa verið samkvæmt sínum fyrirmælum, að greiðslunni var veitt viðtaka í skrifstofu hans, enda kveðst hann hafa afhent hreyfilinn með þeim ummælum, að hann gerði það án ábyrgðar. Stefndi neitar því eindregið að hafa samþykkt það, að kaupin gengu til baka eða að hafa lofað stefnanda endurgreiðslu kaupverðsins. Þá neitar hann því og að hafa veitt hreyflinum viðtöku, en kveður einn starfsmanna sinna, þann, er framkvæmdi viðgerðina, hafa látið sækja hann til athugunar, án fyrirmæla af sinni hálfu.

Í málinu er upp komið, að í kaupum þessum fylgdu ekki ýmsir þeir vélarhlutir, sem nauðsynlegir eru til þess að vél sé gangfær, svo sem benzínæla og blöndungur og sem næst allir rafhlutir. Því hefur ómótmælt verið haldið fram af hálfu stefndu, að ójöfnur í vélarganghljóði, eins og þær sem hér ræðir um, kunni að slafa af öðrum orsökum en göllum á þeim vélarhluta, sem seldur var stefnanda, enda styðst sú staðhæfing við vætti þeirra vitna, sem komið hafa fyrir dóm. Því verður að telja ósannað í máli þessu, að gallar hafi verið á hinum selda hreyfli, þannig að stefnanda væri rétt að rifta kaupunum af þeirri ástæðu. Þá verður og að telja ósannað gegn andmælum stefnda Sigurðar, að hann hafi samþykkt riftun kaupanna eða lofað endurgreiðslu. Eins og á stóð verður það heldur ekki talið jafngilda slíku samþykki, að hreyfillinn var fluttur í verkstæði hans, þar eð sönnur brestur á, að það hafi verið að boði hans. Verður því, með vísan til framanritaðs, að sýkna stefnda af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður að því er varðar málssókn stefnanda á hendur stefnda Sigurði. Stefndi Jóhann sótti hvorki né lét sækja sáttafund, án þess að hafa fært sönnur á lögmat forföll. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 85 frá 1936 verður ekki hjá því komizt að dæma hann til að greiða sekt í ríkissjóð fyrir það brot á sáttalöggjöfinni, og þykir sektin hæfilega ákveðin 30 krónur og komi í stað hennar 2 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu. Samkvæmt 2. tölulið 177. gr. sömu laga ber einnig að dæma stefnda Jóhann til að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 200.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

D ó m s o r ð :

Stefndi Sigurður Sveinbjörnsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda Hjálmars Þorsteinssonar í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Stefndi Jóhann Hákonarson greiði stefnanda kr. 200.00 í

málskostnað, en skal að öðru leyti vera sýkn af kröfum stefnanda.

Stefndi Jóhann Hákonarson greiði 30 króna sekt í rikissjóð, en sæti 2 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 13. maí 1948.

Nr. 159/1946. **Valdstjórnin** (Hrl. Kristján Guðlaugsson)

gegn

Péttri Þórhalli Júlíusi Gunnarssyni

(Hrl. Gústaf A. Sveinsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot á verðlagsákvæðum.

Dómur hæstaréttar.

Í málshöfðunartilkynningu héraðsdómarans til kærða í þinghaldi 21. marz 1945 er þess ekki getið, að krafa sé gerð um upptöku ólöglegs hagnaðar. Verður eignarupptaka á hendur kærða því ekki dæmd í máli þessu.

Samkvæmt ákvörðun verðlagsyfirvalda var kærða heimilt að selja hvern metra af jólatrjám á kr. 12.50 og hvert kg af grenigreinum á kr. 3.85. Eftir skýrslu kærða seldi hann hins vegar 2307 metra af trjám fyrir kr. 13.70 hvern metra að meðaltali og 9686 kg grenigreinar fyrir kr. 4.51 hvert kg að meðaltali. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu og greiðslu sakarkostnaðar í héraði, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málsúrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.